

Akureyri, 16. desember 2021  
2112091 ÚJÁÞ

## Bráðabirgðastarfsleyfi

til vottunar á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85

Bráðabirgðastarfsleyfi þetta er gefið út af Jafnréttisstofu samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1030/2017 um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85. Starfsleyfi þetta gildir fyrir:

**iCert, kt. 651018-0210, Sundagarðar 2, 104 Reykjavík**

### 1 Eftirlit

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með starfsemi vottunarstofunnar. Vottunarstofan skal uppfylla skilyrði 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1030/2017 í hvívetna. Komi í ljós að rekstraraðili fari ekki eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir veitingu leyfisins er Jafnréttisstofu heimilt að afturkalla bráðabirgðastarfsleyfi vottunarstofunnar.

Á gildistíma þessa bráðabirgðastarfsleyfis skal vottunarstofan vera í virku umsóknarferli um faggildingu til vottunar stjórnunarkerfis samkvæmt kröfum ÍST EN ISO 17021-1:2015 til vottunar á jafnlaunakerfum samkvæmt ÍST 85 og reglugerð nr. 1030/2017.

### 2 Gildistaka

Gildistími leyfisins er frá 26. febrúar 2019 til 23. júní 2022.



Katrín Björg Ríkarðsdóttir  
Framkvæmdastjóri



Jón Fannar Kolbeinsson  
Sviðsstjóri